

Í eina sæng

Fréttabréf sameiningarnefndar

*Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur,
Kolbeinsstaðahreppur og Skorradalshreppur*



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir.

Kosið 23. apríl

Sameiningarnefnd sveitarfélaga í Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppi, Kolbeinsstaðahreppi og Skorradalshreppi er einhuga um að sameining þessara sveitarfélaga yrði skref til eflingar héraðsins til framtíðar. Með sameiningu verður til öflugt, framsækið og fjölskylduvænt

samfélag sem er vel í stakk búið að takast á við lögbundin verkefni sem og ný. Nefndin hvetur íbúana til að kynna sér málin vel og nýta kosningarétt sinn næstkomandi laugardag.

Sameiningarnefndin



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir.



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir.

Frá hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps

Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps telur það vera jákvætt skref að Kolbeinsstaðahreppur sameinist sveitarfélögunum norðan Skarðsheiðar núna. Hagsmunir þessara sveitarfélaga fara ágætlega saman og líklegt að sameining þeirra styrki byggðina til lengri tíma lítið. Hreppsnefndin hvetur íbúa til að kynna sér málið vel og nýta síðan atkvæðisrétt sinn og kjósa í sameiningarkosningunum 23. apríl n.k.



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir.

Frá hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar

Laugardaginn 23. apríl nk. verður kosið um sameiningu fjögurra sveitarfélaga í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar og Kolbeinsstaðahrepps. Það er bjargföst skoðun hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar að sameiningin sé skynsamleg ráðstöfun og verði til að treysta búsetu og atvinnu á svæðinu. Auðvitað er það svo að ekki taka allir íbúar undir með hreppsnefnd í þessu máli en mest er um vert að sem allra flestir mæti á kjörstað og greiði atkvæði. Einungis þannig kemur raunverulegur vilji íbúanna fram. Hreppsnefnd hvetur því alla íbúa til að nýta kosningarétt sinn til að ótvíræð niðurstaða fái í málinu.



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir.



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir.

Frá hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps

Hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps vonast eftir góðri þátttöku í sameiningarkosningunum 23. apríl n.k. Mikilvægt er að vilji íbúanna komi sem skýrast í ljós. Það gerist aðeins ef sem flestir nýta atkvæðisrétt sinn.



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir.

Frá bæjarráði Borgarbyggðar

Fljótlega eftir kosningar vorið 2002 var farið að ræða hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna í Borgarfirði og á Mýrum. Sameiningarviðræður hófust vorið 2003 og er nú komið að því að íbúar fimm sveitarfélaga greiða atkvæði um það hvort sameina eigi sveitarfélögin. Það er enginn vafi í okkar huga að við sameiningu verður til öflugt sveitarfélag með mikinn slagkraft í atvinnu- og byggðamálum. Sameinað sveitarfélag mun standa vel á mörgum sviðum en mikil hefð er nú þegar fyrir samstarfi í menningar- og atvinnulegu tilliti.

Sannfæring okkar bæjarráðsmanna er mjög ótvíræð; sameinuð verða sveitarfélögin sterkari en áður! Ákvarðanatökan er nú í höndum íbúa sveitarfélaganna. Því hvetur bæjarráð Borgarbyggðar íbúa sveitarfélaganna fimm til að neyta atkvæðisréttar síns og taka afstöðu til þeirrar tillögu sem hér er lögð fram til samþykkis eða synjunar.

Finnbogi Rögnvaldsson
Helga Halldórsdóttir
Þorvaldur Tómas Jónsson



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir.

Frá hreppsnefnd Skorradalshrepps

Hreppsnefnd Skorradalshrepps skorar á íbúa að nýta atkvæðisrétt sinn og kjósa í komandi sameiningarkosningum 23. apríl n.k.

Að lokinni kosningu

Ef í öllum sveitarfélögum reynast fleiri kjósendur fylgjandi sameiningu en þeir sem eru andvígir verður kosid til sveitarstjórnar nýs sveitarfélags við reglubundnar sveitarstjórnarkosningar þann 27. maí 2006.

Hafi kjósendur í einu sveitarfélöganna felld sameiningartillöguna geta sveitarstjórnir hinna sveitarfélöganna sem stóðu að sameiningarviðræðum ákveðið sameiningu þeirra sveitarfélaga þar sem kjósendur samþykktu sameiningu, að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, þ.e. að a.m.k. 2/3 hlutar sveitarfélaga hafi samþykkt tillöguna og innan þeirra búi a.m.k. 2/3 íbúanna. Þarf við þessar aðstæður ekki að greiða atkvæði að nýju til þess að af sameiningu þessara sveitarfélaga geti orðið heldur er það ákvörðun hverrar sveitarstjórnar.

Breytingar

Breytingar eru nánast eitt af einkennum nútímans. Þær eiga sér nær allsstaðar stað í samfélaginu og eru oft nefndar sem hið eina sem orðið er stöðugt í nútímamfélagi.

Úr skólaskýrslu RHA

Í eina sæng

Sameining sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar

3. tbl. - apríl 2005

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hólmfríður Sveinsdóttir

Hönnun:

Skessuhorn ehf./GBF

Umbrot:

Prentverk Akraness hf.

Prentun:

Prentverk Akraness hf.

Prentað í 1.500 eintökum og dreift á öll heimili og fyrirtæki í sveitarfélögum fimm.



Frá 100. fundi hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar.

Ljósmynd: Bergur Þorgeirsson.

Er kominn tími á sameiningu?

Sveinbjörn Eyjólfsson, oddviti Borgarfjarðarsveitar

Ég hef oft heyrt þau rök gegn sameiningu sveitarfélaga hér í Borgarfjarðarsveit að hún sé ekki tímabær. Það sé svo mörgu ólokid í þeirri sameiningu sem fram fór árið 1998. Það má til sanns vegar færa að átta ár eru ekki langur tími í sögu sveitarfélaga, en hver er mælistikan sem notuð er þegar þessi fullyrðing er sett fram? Er ekki mikið nær að

skoða þetta út frá því sjónarhorni að sveitarfélög eiga að vera í sífelldri þróun, ekki sist til að mæta þeim kröfum sem til þeirra eru gerð.

Með það í huga að á næsta horni eru tækifæri fyrir sveitarfélög að takast á við fleiri verkefni sem tengjast þjónustu við íbúa og atvinnulíf verða þau að vera í stakk búin til að mæta þeim. Það

eru þau ekki og þau verða að eflast ef íbúar hafa áhuga á að fá þessi verkefni, störf sem þeim fylgja og þann sjálfsagða rétt til að ráða sínum málum. Þess vegna er fullkomlega tímabært að kjósa um sameiningu sveitarfélaga.

Mætum á kjörstað og tökum þátt í kosningunni.



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir

Svar við kalli tímans



Sameiningarkosningar sem nú standa fyrir dyrum koma til með að breyta ýmsu, sérstaklega fyrir minnstu sveitarfélögin, verði af sameiningu. Sitt sýnist hverjum um þessar breytingar en ég tel að þær séu svar við kalli tímans. Hlutverk sveitarfélaga hefur breyst gríðarlega á undanföllum árum, það mikið að litlu sveitarfélögin ráða vart lengur við að

sinna öllum þeim verkefnum og standa undir kröfum og væntingum íbúanna.

Árið 1996 voru málefni grunnskólans færð frá ríki til sveitarfélaga. Sem grunnskólakennari tel ég mig sjá ótal tækifæri í sameiningu sveitarfélaganna hvað skólamálin varða. Ég tel að með einni fræðslunefnd og sameiginlegri miðstöð fyrir alla

fagþjónustu þá megi ná fram betri þjónustu, bæði við nemendur og starfsmenn skólanna. Sameinað sveitarfélag gæti þannig ráðið til sín sérfræðinga, t.d. talkennara og sálfræðinga, sem þjónað geta öllum skólunum. Slík sérfræðiþjónusta hefur hingað til reynst skólunum, sérstaklega þeim fámennari, þung í vöfum.

Skólamálin eru afar viðkvæmur málaflokkur, enda einn sá mikilvægasti. Ég hvet alla til að kynna sér málin vel, horfa til framtíðar og umfram allt að mæta á kjörstað og nýta kosningarétt sinn.

Agnes Guðmundsdóttir, kennari og bóndi Síðumúlaveggjum.

Sameinaður Borgarfjörður vænlegri jarðvegur



Landbúnaðarháskóli Íslands er með höfuðstöðvar sínar á Hvanneyri en þar fer fram m.a. allt staðbundið háskólanám. Háskólinn, sem var formlega stofnaður um síðustu áramót með sameiningu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og skólanna á Reykjum og Hvanneyri, er í

hraðri þróun þessa dagana. Sérstaða skólans felst meðal annars í staðsetningunni þar sem á Hvanneyri er að byggjast upp afar skemmtilegt háskólaþorp. Til að laða að nemendur og ekki síður hæft starfsfólk er háskólanum mikið í mun að geta boðið upp á góða aðstöðu til náms og

ekki síður dvalar. Okkur er því ofarlega í huga öll þjónusta við okkar fólk í háskólaþorpinu, og á svæðinu, þar með talið aðgengi að góðum leikskóla og grunnskóla.

Allar aðgerðir sem geta bætt aðstöðu til náms og starfa á svæðinu eru okkur hugleiknar og

að mínu mati bendir mjög marga til þess að sameinaður Borgarfjörður sé vænlegri jarðvegur fyrir góða þjónustu við íbúa okkar en óbreytt ástand.

Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands



Frá Hvanneyri.



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir

Söfnin í Borgarfirði eftir sameiningu



Fyrsta sýning ársins 2006 í Safnahúsi Borgarfjarðar hefur verið ákveðin: „Í nærmynd - Þróun í átt að Safnahúsi“. Há-leitar hugmyndir um þróun safnastarfs í Borgarfirði hafa sannarlega fæðst, fengið nafn og svo dáið skjótum dauðdaga.

Í Safni 2005, blaði Safnahússins á Húsavík segir: „Sumir virðast trúa því að best sé að fjölga sem mest sýningum. Þá komi stöðugt fleiri gestir á svæðið. Það

virðist lítið hvarfla að sömu mönnum að mögulega mætti betur búa að því sem fyrir er, gera þær stofnanir sem fyrir eru í héraði framúrskarandi þannig að enn eftirsóknarverðara verði fyrir gesti að leggja leið sína þangað og dvelja lengur á svæðinu.“

Í framhaldinu er rætt um hrepparig sem vill loða við slíkar opinberar stofnanir, þar sem sumir telja að viðkomandi „nærsvæði“ græði mest á viðkomandi

stofnun. Greinarhöfundur lætur sig dreyma um að slíkur ríður eyðist eftir sameiningu sveitarfélaga Þingeyinga.

Hvað varðar hugmyndavinnu fyrir þróun á safnastarfi í Borgarfirði er kjörið að leita til fólks eins og mín og annarra sem sannanlega hafa metnað hvað varðar þróun á safnastarfi og öðru menningarstarfi hér heima og nægar hugmyndir.

Það er byggðasamlag sem

stendur að Safnahúsi Borgarfjarðar og ég yki lítið þegar ég segi að fjárhagsáætlanagerð hér er ekki einföld. Ég treysti á hug og dug komandi ráðamanna í sameinuðu sveitarfélagi fyrir jákvæðri þróun safnanna í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi. Ég treysti á hugrekki og samvinnu í ákvarðanatökum.

Ása S. Harðardóttir, forstöðumaður Safnahúss Borgarfjarðar

Engin eftirsjá



Hálsasveit, hundrað íbúa sveitarfélag með tuttugu lögbýlum, sameinaðist þremur nágrennasveitarfélögum árið 1998 og Borgarfjarðarsveit varð til með um 600 íbúum. Í aðdraganda sameiningarinnar var ýmislegt sem Hálsuveitingar höfðu áhyggjur af, svo sem upprekstrarmál, málefni bókasafna og félagsheimila. Mikið var talað um að jaðarbyggðir yrðu útundan, ekki yrði lögð áhersla á vegabæt-

ur þar og fleira. Dagheimili, grunnskólinn og félagsþjónustan var ekki eins mikið áhyggjuefni enda sáu íbúarnir fyrir hagræðinguna sem þar yrði með því að leggja niður byggðasamlög og einfalda stjórnsýslu. Nú sjó árum eftir þessa sameiningu sér enginn eftir gömlu sveitarfélögum.

Borgarfjarðarsveit er jú vel rekið sveitarfélag sem á ekki í fjárhagserfiðleikum og þau mál-

efni sem áður var minnst á, í góðum farvegi.

Af hverju þá að vera að sameina meira og svona stórt? Það er mín skoðun að ávinningur af þeirri sameiningu sem nú er rædd verði enn meiri en af hinni fyrri, þegar Borgarfjarðarsveit varð til. Hið nýja sveitarfélag með 3500 íbúum mun hafa mikla möguleika til að sinna betur ýmsum verkefnum sem ekki eru lögbodin en eru þó víða í umsjá

sveitarfélaga. Á sviði ferðaþjónustunnar eru miklir möguleikar til eflingar og nýsköpunar og því er það tilhlökkunarefni að fást við verkefni framtíðarinnar með öflugt sveitarfélag að bakhjarli.

Ég þakka sameiningarnefndinni fyrir vandaðan undirbúning og góða kynningu og hvet fólki til að kynna sér útsend gögn, mæta á kjörstað og nýta atkvæðisrétt sinn.

Bergþór Kristleifsson, Húsafelli.

Aukin ábyrgð sveitastjórna



Sameiningin er ofarlega í huga okkar flestra þar sem kosningar eru á næsta leyti og margir eru að gera upp hug sinn. Að búa í litlu sveitarfélagi hefur bæði kosti og galla eins og að búa í því stóra. Nálægðin er mikil í litlum sveitarfélögum og því er hver einstaklingur mjög mikilvægur. Það er alltaf verið að setja meiri ábyrgð yfir á sveitarstjórnirnar

og síðasta dæmið sem ég veit um er það vald sem sveitarstjórnin hefur við gerð aðalskipulags. Þar hefur sveitarstjórnin fullt vald til þess að hafna þeim óskum sem landeigendur biðja um og komið með sína sýn að skipulagi í staðin. Sveitarstjórn getur ákveðið hvort það verður skipulögð íbúðarhúsabyggð, frístunda- byggð, skógrækt eða eitthvað

annað á jörðunum án þess að fá samþykki fyrir því hjá landeigenda. Þarna tel ég að verið sé að rýra verðgildi jarðanna og binda hendur þeirra sem þær eiga.

Þegar við búum í litlu sveitarfélagi er þetta uggvænlegt því ef jarðeigendur eru ekki í „náðinni“ hjá sveitarstjórninni getur hún einfaldlega bundið hendur okkur um það sem við viljum

framkvæma á okkar jörð. Að vísu hefur sveitarstjórn í stærra sveitarfélagi þetta vald líka en ég tel það vera öðruvísi, þar er persónulega nálgunin ekki eins mikil og gamlar deilur spilla síður fyrir. Ég hvet alla þá sem hafa rétt til að kjósa að nýta sér kosningarréttinn laugardaginn 23. apríl. n.k.

Fjóla Benediktsdóttir, Skorradal



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir

Öflugra sveitarfélag - betri skólar



Nú standa Borgfirðingar og Kolhreppingar frammi fyrir þeim möguleika að mynda eitt stórt og öflugt sveitarfélag. Auðvitað eru alltaf skiptar skoðanir um sameiningu sveitarfélaga og þá ekki síst hvað varðar skólamálin.

Þróun mála hefur orðið sú að það er óhjákvæmilegt að fækka sveitarfélögum en um leið að efla þau til frekari verka. Það hlýtur öllum að vera ljóst að fræðslumál og aðbúnaður barna í heild sinni

skiptir fólki miklu máli þegar það velur sér stað til framtíðarbúsetu. Búseta í Borgarfirði og nágrenni hlýtur að vera mjög ákjósanlegur staður fyrir ungt fólk enda skólamálin í góðu lagi. Einnig má nefna að húsnæðis- kostnaður er mun lægri en á höfuðborgarsvæðinu og í raun alls ekki útilokað fyrir fólk að sækja vinnu suður fyrir fjörð ef svo ber undir. Ef aðstæður barna eru góðar í sveitarfélaginu hvetur það fólk til búsetu á svæðinu.

Það er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir að sveitarfélög þurfa að stækka. Þá eiga þau jafnframt að nýta hagræðinguna af sameiningu til að efla skólana í sveitarfélaginu. Skólarnir á svæðinu þurfa að nýta öll tækifæri til eflingar og sóknar á sviði menntunar. Til þess að svo megi verða þurfa allir að ganga jákvæðir til starfa og ekki má ákveða í upphafi að breyting á skólamáli sé ávallt slæm. Sveitarstjórnarmenn þurfa samt

að muna að best er að gera breytingar á skólamáli í góðu samstafi við starfsmenn skólanna. Þar býr fagþekkingin og þar vinna kennslufræðingarnir.

Verum bjartsýn og nýtum allar breytingar til góðra verka. Gerum góða skóla í Borgarfirði enn betri.

Inga Margrét Skúladóttir, kennari í Grunnskólanum í Borgarnesi.

Hvar er Sjóðríkur seiðkarl?



Fá bókmenntaverk hafa heillað mig eins mikið og sögurnar af þeim félögum Ástríki og Steinríki og grönnum þeirra í sveitarfélaginu Gaulverjabæ. Trúlega hafa þessar sögur líka haft þau áhrif á mig að ég var lengi vel al-farið á móti sameiningu sveitarfélaga. Ég er nefnilega alinn upp í álíka fjölmennu og kannski frumstæðu að sumra mati, sveitarfélagi og þeir Ástríkur og Steinríkur, nefnilega Lundarreykjadalnum. Var ég því fylgjandi að mínir sveitungar, líkt og Gallarnir í bókum þeirra Gossínis og Udersu, reyndu með öllum ráðum að berjast gegn yfirráðum „Rómverja,“ þ.e. stærri

sveitarfélaganna í Borgarfirði.

Það sem varð til þess að mín afstaða breyttist var að ég komst að því að þrátt fyrir að Lundarreykjadalurinn og Gaulverjabær ættu margt sammerkt, m.a. fjölskrúðugt og skemmtilegt mannlíf og misskilin ljóðskáld þá var það þó eitt grundvallartriði sem skildi þau að. Gallarnir áttu töfradrykk, magnaðan mjöð sem bruggaður var af Sjóðríki seiðkarli. Hann vantaði hinsvegar í Lundarreykjadalinn því þótt þar hafi kannski einhverntíma verið bruggaðir drykkir sem fólu hugsanlega í sér ákveðinn töframátt þá dugði það seiði skammt í sjálfstæðisbaráttunni.

Annað sem skipti mig líka miklu var að ég áttaði mig á því að þrátt fyrir sameiningu stjórnsýslueininga þá breyttist landslagið ekki neitt. Lundarreykjadalurinn yrði áfram á sínum stað sem og flest ef ekki öll önnur örnefni. Helsti skaðinn var því kannski fyrir þá sem langaði að vera í sveitarstjórn að möguleikarnir urðu hlutfallslega minni en um leið varð þá úrvalið meira fyrir kjósendur.

Auðvitað er það þó sem öllu máli skiptir að Borgarfjörðurinn er í raun ein heild hvort sem mönnum líka betur eða verr og sameinaðir standa menn styrkari fótum og ástæðulaust að klifa

enn frekar á því. Einu rökin fyrir því að hafna sameiningu eru því þau að menn trú því eins og Bjartur heitinn í Sumarhúsum að sjálfstæði sé betra en kjöt og vilji kannski hafa meiri möguleika á að komast í sveitarstjórn, þ.e.a.s. þeir sem á annað borð eru fyrir slíkt.

Ég vona því að sveitungar mínir fyrr og nú beri gæfu til að samþykkja sameiningu sveitarfélaganna fimm sem eru í pottinum eða þá í versta falli að þeir hafni henni á réttum forsendum en reyni ekki að súpa á einhverjum töfradrykk sem ekki er til.

Guðlaug Einarsson

Hugleiðing vegna sameiningar



Í tilefni sameiningar sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar langaði mig að velta vöngum um kosti hennar og galla.

Kostir

Helstu kostir eru tvímælalaust öflugri grunnskólar og meiri ráðstöfunartekjur nýs sveitarfélags

og sjálfsagt fá einhverjir fræðingar ný störf við að reikna út hagræðinguna í kjölfar sameiningar, svæðið verður eitt atvinnusvæði, þótt þeir sem vilji vinna fái alltaf vinnu.

Gallar

Jaðarbyggð sveitarfélagsins

gæti gleymst er frá líður. Þjónusta færi á stærstu þéttbýliskjarnana. Pósthús og skrifstofa í Reykholti yrði sennilega lagt af. Fjallskilamál gætu orðið erfiðari. Ef til vill á eftir að klára alveg síðustu sameiningu.

Niðurlag

Í ljósi þessara hugleiðinga mun velta töluvert á hvoru megin ég fer fram úr á kjördag hvort ég kys JÁ eða NEI við sameiningu.

Jón Eyjólfsson, Kóparyrkjum.



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir

Góð reynsla af sameiningu

Á þessu ári eru liðin 11 ár frá því að sameinuð voru fjögur sveitarfélög í Mýrasýslu. Fjórum árum síðar bættust við þrjú sveitarfélög. Við erum að tala um sveitarfélagið Borgarbyggð. Í undirbúningi þessara sameininga

komu fram skiptar skoðanir um ágæti þeirra. Sumir vildu minni sameiningu, aðrir óbreytta skipan og sögðu: Við vitum hvað við höfum en ekki hvað við fáum. Þá var það sjónarmið einnig uppi að sameiningin væri ekki nógu víð-

tæk til að ná fram hagkvæmni stærðarinnar.

Eftir að sameining var orðin staðreynd, hefur verið góð sátt um breytinguna, enda hefur stjórnun fyrir svæðið í heild orðið markvissari og þjónusta við

íbúana aukist. Þá má einnig nefna uppbygginguna á Bifröst sem ávöxt sterkara baklands í stærra sveitarfélagi.

*Jón Þór Jónasson
frá Hjarðarbolta.*



Göngum alla leið

Mér varð á orði um daginn að þetta árið yrðu bara engar kosningar. Það var alrangt. Þann 23. apríl munu Borgfirðingar og Kolhreppingar kjósa um sameiningu sveitarfélaga. Mörgum finnst þessar kosningar kannski ekki merkilegar, en það eru þær vissulega. Það er mjög mikilvægt fyrir héraðið að sem flestir mæti á kjörstað til að láta skoðun sína í ljós. Öll atkvæði skipta máli, það vitum við manna best hér í

Borgarbyggð.

En af hverju eigum við að sameinast? Gengur þetta ekki ágætlega eins og það er? Jú, það gengur alveg ágætlega en það getur gengið enn betur. Þá er ég ekki endilega að tala um að við spörum einhverjar krónur, þótt vissulega væri það gott, heldur er það mesti ávinningurinn að við verðum sameinuð í héraðinu. Eins og málin standa í dag þá er ágætis samvinna, en það er samt

oft talað um að vera “réttu megin ári” og þá skiptir engu máli á hvorum bakkanum þú stendur. Við sameiningu yrðum við öll réttu megin, með öflugan Borgarfjörð sem markmið og við fáum mun meiri slagkraft á landsvísi og í samkeppninni við höfuðborgarsvæðið.

Hvað mig persónulega varðar þá starfa ég í Tónlistarskóla Borgarfjarðar og kem aðeins að

rekstri Safnahússins í Borgarnesi. Í þessum fyrirtækjum yrði mikill ávinningur af sameiningu. Allar boðleiðir yrðu styttri, ódýrari og skilvirkari. Og ég trúi því að því sé þannig farið með margt annað í stjórnsýslunni þar sem nú þegar hefur með sér mikil samstarf. Því þá ekki að ganga alla leið og sameinast?

*Jónína Erna Arnardóttir,
Borgarnesi.*



Já!



Nú líður að kosningum um sameiningu sveitarfélaga á Mýrum, Borgarfirði og Kolbeinsstaðahreppi. Ljóst er að framtíð svæðisins mun ráðast í þessum kosningum. Mig langar eindregið að hvetja fólk til að mæta á kjörstað og samþykkja tillöguna.

Helstu ástæður þess eru eftirfarandi:

1. Með sameiningu verður til heilstætt og öflugt sveitarfélag sem tekur yfir allt atvinnusvæði héraðsins og hefur jafna dreifingu íbúa í dreifbýli og þéttbýli.

2. Sameining myndi styrkja

stórlega möguleika héraðsins til framtíðar þar sem íbúarnir gætu þá talað einum rómi. Slíkt er líklegra til árangurs í markaðsstarfi fyrir héraðið, í skipulagsmálum, atvinnumálum og hvað varðar alla sameiginlega þjónustu, íbúum til heilla.

3. Sveitarfélagið yrði stjórn-sýslulega sterkari eining sem hefði meira bolmagn til að takast á við það krefjandi verkefni sem framundan er að skilgreina það sem næsta vaxtarsvæði höfuðborgarinnar. Hingað eigum við að laða fólk og fyrirtæki af kjarnasvæðinu. Til þess höfum

við allar forsendur en hefur til þessa skort stefnumörkun, djörfung, samstöðu og frumkvæði. Breytum því!

4. Stjórn-sýslan og þjónusta við íbúa verður hagkvæmari í stærra sveitarfélagi. Forsenda enn betri þjónustu er hins vegar sú að nýta sameininguna til þess að fjölga stórlega íbúum hins nýja sveitarfélags á næstu árum. Einungis þannig getum við byggt upp fyrirmyndarsveitarfélag fólks sem býr við góð lífskjör í fögru og mannbætandi umhverfi.

Að lokum langar mig til að lýsa þeirri skoðun minni að sú uppbygging sem ég hef tekið þátt í á Bifröst undanfarin ár og fært hefur hundruð milljóna króna inn á svæðið í nýjum störfum og þjónustu, hefði ekki verið gerleg í Norðurárdalshreppi fyrir sameiningu í Borgarbyggð. Betur má hins vegar ef duga skal, sameinuð munum við standa, en sundruð falla. Kjósum samstöðu, kjósum uppbyggingu, kjósum framtíð. Segjum já!

Runólfur Ágústsson, rektor Vidskiptaháskólans á Bifröst.



Frá Bifröst.

Stóra spurningin



Verður að sameina eða þarf ekki að sameina? Sá spyr sem ekki veit. Senn líður að þeim degi að gengið verður til kosninga um sameiningu sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar. Í hugum margra er þessi sameining einungis formsatriði, allir eru jú Vestlendingar. Húsin og jarðirnar færast ekki úr stað við sameininguna og fólkið breytist kannski ekki svo mikið.

En hvað er það þá sem ræður för í huga þeirra sem að ekki vilja sameiningu? Jú, þröngsýni og afturhaldssemi segja ef til vill sumir. Vantrú á lýðræði, hræðsla við skipun að ofan og skilnings-

leysi á því að framfarir felist bara í stærð þeirrar einingar sem æskileg þykir. Kannski, en getur það ekki líka verið trú á eigið samfélag, vilji til að vinna áfram að þeim markmiðum sem stefnt hefur verið að?

Til að mynda sér skoðun á því hvernig skuli valið, verður að meta stöðuna eins og hún er í dag. Getum við lifað við óbreytt ástand eða er breytinga þörf? Höfum við þau áhrif sem að við viljum eða mun ganga betur að hafa áhrif ef af sameiningu verður? Hvaða kostir fylgja og hvaða gallar? Mín skoðun er sú að hver og einn verði að kynna sér kosti

og galla frá sínum sjónarhóli. Það er nefnilega þannig að mælikvarðinn á lífsgæði er misjafn. Það sem að einum líkar vel finnst öðrum afleitt. En munið að kynna ykkur hvaða þjónusta er í boði í ykkar sveitafélagi og hver ekki. Ekki ákveða það sjálf heima í stofu að óathuguðu máli.

Að virða skoðanir annarra er talinn góður kostur, henti það þeim er það segir. En að virða skoðanir annarra er að mínu mati að leyfa öðrum að hafa sínar skoðanir, án þess að reyna mikið að breyta þeim. Það að standa á sinni skoðun getur verið strembið, þar er stutt á milli

þess að vera þröngsýnn eða víðsýnn. Hræðsluáróður er sterkur áróður, vopn sem að flestir geta beitt jafnvel þeir sem eru ekki sterkir í vopnaburði yfirleitt.

Ágætu íbúar. Þegar þið greiðið atkvæði um sameiningu þann 23. apríl er mikilvægt að eigin sannfæring ráði för. Látið ekki leiða ykkur annan veg en þið ætlið. Lýðræðið er dýrmætt, en það er til lítils ef að það er ekki nýtt. Hvernig sem að allt fer óska ég þess að við eigum allavega sameiginlega góða framtíð.

*Sigrún Ólafsdóttir,
Hallkelsstaðablið.*

Sameining norðan Skarðsheiðar



Þann 23 apríl verður kosið um sameiningu sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar og langar mig að leggja nokkur orð í belg af þessu tilefni. Ég er einn af þeim sem lít á þessi sveitarfélög sem eina heild með tilliti til atvinnusóknar, þjónustu og byggðamálefna. Og hvernig má annað að vera? Ég er búsettur með mína fjölskyldu í Borgarnesi, vinnustaður minn á Veidimálastofnun er á Hvanneyri og starfssvæðið mitt

eru ár og vötn á Vesturlandi. Á tíunda áratug síðustu aldar átti ég þess einnig kost að kynnast um átta ára skeið sem bæjarfulltrúi í Borgarnesi þeirri umræðu um sameiningarmál sem lauk með sameiningu sveitarfélaga í Mýrasýslu í sveitarfélagið Borgarbyggð og þekki því vel þau sjónarmið sem þá komu fram bæði með og á móti sameiningu. Umræðan nú er af sama toga.

Þar vegur í mínum huga

þyngst að stærri og öflugri sveitarfélög verða sterkari út á við til að berjast fyrir sínum hagsmunum sem geta verið margbreytilegir og á þau er frekar hlustað, hvort sem verið er að berjast fyrir afnámi gjalds í Hvalfjarðargöngin eða leitast við að ná verkefnum frá ríkisvaldinu. Nýleg stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands með miðstöð á Hvanneyri er gott dæmi um þróun þar sem sveitarfélög hafa einsett sér að

sameinast um eflingu slíkrar starfsemi. Nú er einnig rétt um hugsanlega yfirtöku sveitarfélaga á rekstri heilsugæslu og er ljóst að lítil og fámenn sveitarfélög ráða ekki við slíkan rekstur.

En sameining snýst einnig um styrkingu innviða og hagræðingu í rekstri. Kostnaður við yfirstjórn ætti að lækka og stjórnun verður markvissari með styttingu boðleiða og öll ákvarðanataka verður skilvirkari.

Sveitarfélagin norðan Skarðsheiðar eru ein heild þar sem sveitin og þéttbýliskjarnar þarfnast hver annars. Í Borgarnesi er til staðar góð alhliða þjónusta fyrir allt héraðið og í dreifbýlinu er rekin öflug atvinnustarfsemi bæði í hefðbundnum atvinnugreinum, í ferðaþjónustu og ekki má gleyma gríðarlegri uppbyggingu skólanna á Bifröst og Hvanneyri. Að lokum hvet ég íbúa til að taka þátt í kosningunni þann 23. apríl.

*Sigrður Már Einarsson,
fiskifræðingur.*

	Borgarbyggð	Borgarbyggð fjarðarsveit	Hvítársíðu-hreppur	Kolbeinsstaðahreppur	Skorradals-hreppur
Sorphirðugjald					
lögbýli m búskap	7.900	22.050	0	0	13.500
lögbýli án búskaps	7.900	9.700	0	0	7.000
heimili - tunnur	18.100	22.050			
heimili losa í gáma	7.900	9.700	0	0	7.000
frístundahús	6.500	7.940	0	0	5.000
Rotþróargjald					
minni en 2000 l.	3.200	3.620	3.000	2.956	3.650
2000 -4000 l.	3.750	4.600	4.225	3.588	4.422
4000-6000 l.	5.100	5.010	4.150	4.222	5.206

Þessi tafla gefur upplýsingar um gjaldskrár fyrir sorphirðu og tæmingu rotþróa. Í síðasta fréttabréfi eru upplýsingar um útsvar og fasteignaskatt í sveitarfélögunum. Í dag er álagningin mismunandi eftir sveitarfélögum en ef af sameiningu verður þá verða álagningar samræmdar lögum samkvæmt.



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir

Til hvers . . . ?



Þann 23. apríl 2005 kjósum við íbúar Borgarfjarðarsveitar, Skorradalshrepps, Hvítársíðuhrepps, Borgarbyggðar og Kolbeinsstaðahrepps um sameiningu þessara sveitarfélaga. Undirbúningur þessa hefur staðið í rúm tvö ár og hefur algerlega verið unnin á forsendum og að frumkvæði þessara fimm sveitarstjórna. Ég vil sérstaklega þakka

þessu sveitarstjórnarfólki frumkvæði þeirra og framsýni.

En til hvers að sameina þessi sveitarfélög? Svör við þessari spurningu eru margvísleg og meðal annars þessi:

1. Til þessa gera svæðið sterkari skipulagslega heild.
2. Til þess að allir íbúar svæðis-

ins geti búið hér við enn öflugri félagslega þjónustu.

3. Til þess að gera svæðið öflugra atvinnusvæði.
4. Til þess að gera það hæfara til að sinna sameiginlegri þjónustubörf alls svæðisins.
5. Til þess að styrkja enn frekar og auka það skólastarf sem fyrir er á svæðinu.
6. Til þess að auka verulega þjónustu við eldri borgara.
7. Til þess að geta þjónustað háskólana á svæðinu enn betur.
8. Til þess að vera betur í stakk búin til að taka við verkefnum frá ríkinu.
9. Til þess að geta enn betur varðveitt þetta fallegasta svæði landsins.
10. Til þess að gera gott hérað enn betra.

Ég hef hér talið upp nokkur mál sem ég tel að við leysum miklu betur í sameinuðu sveitarfélagi heldur en þeim fimm sem við búum nú í og sjálfsagt væri hægt að nefna mörg fleiri til viðbótar.

Því er það von mín og ósk að við berum gæfu til að segja JÁ við þessum sameiningaráformum. Þannig verðum við ein og mikið sterkari heild, sem verður langtum öflugri til að taka við margvíslegum sameiginlegum verkefnum til hagsbóta fyrir allt svæðið. Við glötum engum tækifærum með því að sameinast en stóráukum möguleika okkar til að styrkja héraðið í framfarasókn. Látum okkur málið varða og tökum þátt í sameiningarkosningunum 23. apríl 2005.

Sveinn G. Hálfðánarson, form.
Verkalýðsfélags Borgarness

Jöfn skipti milli dreifbýlis og þéttbýlis

Verði af sameiningu þá hefur sveitarfélagið þá sérstöðu að svipaður fjöldi íbúa býr í dreifbýli og þéttbýli. Heildarfjöldi íbúa verður rúmlega 3.500 manns. Hér verður jafnframt næst stærsta sumarhúsabyggð landsins, með alls 1.839 sumarhús og fer þeim hratt fjölgandi.

	Lögbýli	Sumarhús
Borgarbyggð	186	945
Borgarfjarðarsveit	186	276
Skorradalshreppi	14	529
Hvítársíðuhreppi	19	76
Kolbeinsstaðahreppur	25	13
Samtals:	430	1839

Vísa

Sameiningar flöggum fána
Farnast mun þá öllum vel
Burt úr dalnum yfir ána
Í eina sæng með blöðrusel

Guðmundur Albertsson,
Heggstöðum Kolbeinsstaðahreppi, orti eftir útgáfu fyrsta fréttabréfs sameiningarnefndar.

Lýðræðið og framtíðin



Laugardaginn 23. apríl gefst okkur kostur á að láta í ljós álit okkar á því hvort sameina beri tiltekin sveitarfélög á svæðinu. Í þessum pistli verður ekki reynt að gefa svar við spurningunni um sameiningu eða ekki sameiningu, enda verður hver og einn að gera slíkt upp við sig. Pistillinn fjallar sem sagt ekki um orðin já og nei, heldur um tvö önnur orð sem ástæða er til að hugleiða á undan hinum, þ.e.a.s. orðin framtíð og lýðræði.

Fyrir 111 árum skrifaði Þorvaldur Thoroddsen náttúrufræðingur í ferðabók sína, að því miður eimdi “eftir sums staðar af

hinum gamla húsangshætti, að hugsa eingöngu um stundarhaginn”. Í orðum Þorvaldar endurspeglast kjarninn í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, nefnilega að við berum skyldur gagnvart komandi kynslóðum og því sé ekki nóg að hugsa um eigin hag - og aðeins í dag. Þetta er hollt að hugleiða þegar 23. apríl nálgast. Kannski er mörgum okkar slétt sama hvort tiltekin sveitarfélög haldi áfram að vera til eða sameinist undir einu merki, einfaldlega vegna þess að við sjáum ekki hvernig það geti haft áhrif á tilveru okkar í dag. En það kemur dagur eftir þenn-

an dag. Við þurfum að velja því fyrir okkur hvað komi sér best þegar fram í sækir, þannig að afkomendur okkar geti átt bjarta framtíð í blómlegu byggðarlagi.

Stundum finnst okkur að hvert okkar um sig hafi svo sem engin áhrif í hinum stóra heimi. En í þessu viðhorfi felst hætta, líklega stærsta hættan sem steðjar að mannkyninu um þessar mundir. Hvert okkar um sig er jú alla vega einn dropi í mannhafinu, og án dropanna væri ekkert haf. Við erum svo heppin að búa í lýðræðissamfélagi, þar sem hver og einn á jafnan rétt til að láta frá sér heyra. Ef við látum okkur

nægja að vera “svefngenglar vanans” og sitjum af okkur þau tækifæri sem við höfum til að hafa áhrif, þá munu aðrir einfaldlega ráðstafa málum að okkur forspurðum. Verum minnug þess að enginn þarf að búa við verri stjórnvöld og verri ákvarðanir en hann á skilið. Okkar er jú valið og okkar er valdið!

Sem sagt: Tökum þátt í atkvæðagreiðslunni og tökum þátt í að móta samfélag þar sem stundarhagurinn er ekki settur í öndvegi.

*Stefán Gíslason,
umbverfisfræðingur*



Íslensk sveitarfélög

Íslenska sveitarstjórnarstigið er talsvert veikara en það er á öðrum Norðurlöndum. Þau hafa færri verkefni og minni tekjustofna.

Mikill fjöldi fámennra sveitarfélaga er oft nefndur sem ástæða þess að hér er veikt sveitarstjórnarstig. Íslensk stjórnvöld hafa lýst yfir miklum vilja til að efla sveitarstjórnarstigið og verður það meðal annars gert með því að sameina þau og gera þau hæfari til að takast á við aukin verkefni.

Hér til hliðar eru tvær töflur. Önnur taflan sýnir hvernig fjöldi íslenskra sveitarfélaga hefur breyst en mestur var fjöldinn 229 sveitarfélög árið 1950. Í dag er 101 sveitarfélag í landinu og flest sem bendir til þess að þeim eigi eftir að fækka talsvert á næstunni. Auk sameiningarkosninga sem nú á sér stað norðan Skarðsheiðar þá verður kosið um sameiningar í fjölmörgum sveitarfélögum um land allt næsta haust.

Hin taflan sýnir hversu fjölmenn sveitarfélögin eru. Þannig hefur eitt sveitarfélag færri en 50 íbúa, í 14 sveitarfélögum er íbúafjöldinn á bilinu 50-99 og svo framvegis.



Breytingar sem kalla á sameiningu



Undanfarin ár hefur mikil áhersla verið lögð á sameiningu sveitarfélaga þó að sameining hafi gengið mishratt fyrir sig um landið. Hér á Vesturlandi hefur sameining sveitarfélaga verið einna hröðust á síðustu árum og nú gæti orðið um stóra sameiningu að ræða kjósi íbúarnir það.

Fyrir sjö árum stóð ég ásamt fleiri sveitarstjórnarmönnum að því að sameina alla hreppa í Mýrasýslu, utan Hvítársíðu-hrepps í eitt sveitarfélag; Borgarbyggð. Að sameina fámenn

sveitarfélög og nokkuð stóran þéttbýliskjarna, eins og Borgarnes, felur í sér að sveitarstjórnarmenn og aðrir sem veljast til forystu þurfa að vanda sig vel til að uppfylla þarfir sem flestra í sameinuðu sveitarfélagi. Fólksfjöldi verður kannski ekki svo mikill en vegalengdir milli staða, t.d. frá Borgarnesi í Kalmanstungu, skapa aðstöðumun milli íbúana við að sækja þjónustu og afþreyingu þar sem hún verður aðallega í Borgarnesi, sem verður miðstöð hins nýja sveitarfélags ef

til kemur.

Á síðustu árum hefur fækkað mikið í sveitum landsins og atvinnuhættir breyst en jafnframt hafa kröfur um þjónustu og afþreyingu aukist. Auk þess hefur ríkið komið fleiri verkefnum yfir á sveitarfélögin. Þetta hefur gert það að verkum að eina leiðin fram á við virðist vera að sameina sveitarfélögin hvort sem okkur er það að skapi eða ekki. Þess vegna tel ég að betra sé að eiga stórt og gott íþróttahús, sundlaug, reiðhöll og aðra góða

þjónustu í Borgarnesi sem allir geta notað ásamt smærri þjónustueiningum út um sveitirnar, heldur en eiga kannski lítið eða ekkert og þurfa að sækja það til Reykjavíkur eins og svo margt nú orðið.

Ég hvet alla íbúana til að nýta kosningarétt sinn og kjósa þann 23. apríl, hvort sem þeir eru með eða á móti sameiningu. Með því að taka þátt sínum við áhuga á því samfélagi sem við búum í.

Porkell Fjeldsted, Ferjukoti.



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir

Skæklatog



„Þröngsýni, einangrunartilhneiging og skæklatog eru einhver hin verstu átumein í félagslífi þessarar þjóðar. Gegn þeim, sem öðrum meinum, eiga ungmenntafélög að ganga af alefli, fylktu liði. Eitt öflugasta ráðið gegn þeim er samvinna manna af stórum svæðum, og því virðist mér skiftingartillaga sú, sem hér hefir verið rætt um, þveröfugt spor og gersamlega gagnstætt

þeirri grundvallarhugsun félagsskaparins, að „sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér“.“ Svo fórust Sigurði Vigfússyni orð árið 1914 þegar deilt var um hvort ungmenntafélögin ættu að skipa sér í héraðssambönd eða fjórðungssambönd. Þá áttum við engin ökutæki, ár voru óbrúðar, gúmmístígvélin langt undan og síminn rétt kominn til landsins. Samt töluðu framsýnir menn um

þröngsýni og einangrunartilhneingingu þeirra sem vildu að eins stofna héraðssambönd en ekki fjórðungssambönd.

Nú, réttari öld síðar, er kosið um hvort Borgfirðingar og nágrennar skuli skipa sér í eina sveit með sameiginlega stjórn-sýslu og samræmda þjónustu. Þegar við greiðum atkvæði um sameiningu þá kjósum við ekki

einungis fyrir okkur sjálf - við kjósum fyrir allt héraðið. Hver fær ekki það sem hann kys heldur hlotnast öllum niðurstaða meirihlutans. Þess vegna verðum við örlitla stund að líta upp úr eigin pottum og íhuga hvað komi héraðinu best og kjósa svo eftir þeirri sannfæringu.

*Torfi Jóhannesson,
Bejarsveit.*



Ljósmynd: Þorgerður Gunnarsdóttir

Hafa verkefni sveitarfélaga áhrif á stærð þeirra?



Sveitarstjórnir eru það lýðræðislega kjörna stjórnvald sem stendur borgaranum næst og þekkir þarfir íbúanna best. Sérstaklega á þetta við um á Íslandi þar sem sveitarfélög eru mörg hver svo smá og nábylíð svo mikið að flestir íbúar sveitarfélagsins eru sveitarstjórnarmönnum málkunnugir.

Núverandi sveitarfélagaskipan með mörgum fámennum dreifbýlissamfélögum á sér eðlilegar skýringar, en flest sveitarfélög hafa lítið breyst frá þjóðveldis-

öld. Sú skýring sem oftast er nefnd er tengd landafræði og samgöngum. Hún vegur vissulega þungt, en líklegra er að verkefni sveitarfélaga hafi öðru fremur lagt mark sitt á þá sveitarfélagaskipan sem hér hefur verið við lýði síðastliðin 1000 ár eða svo.

Allt fram undir miðbik síðustu aldar voru helstu verkefni sveitarfélaga fjallskil og fátækraframfærsla. Hreppsnefndin, sem í sátu 5 karlar, hittist nokkrum sinnum ári til að ákveða útsvarið,

fyrirkomulag fjallskila og til að finna lausnir á vanda fátæklinga í hreppnum. Auk þess var eitt meginverkefni hreppsins að sinna ákveðinni váttryggingu ef bústofn bænda varð fyrir skakkaföllum. Í Grágás er þess getið að hreppar skuli ekki telja færri en 20 lögbýli, enda geti að öðrum kosti reynst hreppnum erfitt að uppfylla skyldur sínar. Því hefur verið fleygt fram að á hverju lögbýli hafi búið um 20 manns, þannig að minnstu sveitarfélög á þjóðveldisöld hafa að líkindum ekki talið færri en 400 íbúa.

Íslenskt samfélag hefur tekið stakkaskiptum síðastliðin hundrað ár. Samhliða þeim breytingum hafa verkefni sveitarfélaga breyst og vaxið að umfangi. Sveitarfélög hafa í dag, sem staðbundin stjórnvöld og nærþjónustuaðilar, mörg verkefni á sinni könnu. Í grófum dráttum má skipta þjónustu sveitarfélaga í tvennt. Annars vegar er um að ræða velferðarþjónustu, svo sem félagsþjónustu og rekstur grunnskóla. Hins vegar er um að ræða tæknilega þjónustu, svo sem

gatnagerð, veiturekstur o.s.frv. Sem staðbundin stjórnvöld þurfa sveitarfélög ennfremur að taka faglegar ákvarðanir um ýmislegt sem snertir íbúana, til þess þurfa þau að hafa sérfræðinga í stjórnsýslu á sínum snærum.

Öll þessi nýju verkefni kalla eðlilega á breytingar á núverandi sveitarfélagaskipan, þar sem kröfur samfélagsins til sveitarfélaga hafa aukist. Nú þurfa sveitarfélög að hafa bolmagn til að veita faglega skóla- og félagsþjónustu með öflugum liði sérmenntaðra starfsmanna. Auk þess þurfa sveitarfélög að hafa bolmagn til að byggja upp þá innviði sem nauðsynlegir eru til að geta keppt um fólk og fyrirtæki til framtíðar.

Sameining sveitarfélaga í einingar sem eru nægilega fjölmennar og öflugar til að sinna helstu lögbundnu og venjubundnu verkefnum er nauðsynleg svo efla megi sveitarstjórnarstigið og byggð í landinu.

Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Fjárflesta sveitarfélagið

Ef til sameiningar kemur þá verður sveitarfélagið að líkindum fjárflesta sveitarfélag landsins, með tæplega 35 þúsund kindur.

	Sauðfé	Mjólkandi kýr	Hross
Borgarbyggð	15.936	884	2.414
Borgarfjarðarsveit	9.442	600	1.748
Hvítársíðahreppur	3.032	73	176
Kolbeinsstaðahreppur	5.479	241	233
Skorradalshreppur	908	44	76
	34.797	1.842	4.647

Upplýsingar fengnar úr forðagæsluskýrslum 2004

KJÖRFUNDIR

Borgarbyggð:

Grunnskólinn í Borgarnesi. Klukkan 09:00-22:00.
Lyngbrekka. Klukkan 11:00-20:00.
Þinghamar. Klukkan 11:00-20:00.

Borgarfjarðarsveit:

Kleppjárnsreykjaskóli. Klukkan 11:00-20:00.

Hvítársíðuhreppur:

Brúarás. Klukkan 12:00-20:00.

Kolbeinsstaðahreppur:

Lindartunga. Klukkan 12:00-20:00.

Skorradalshreppur:

Skátafell. Klukkan 12:00-20:00.

**Utankjörfundaratkvæðagreiðsla
stendur yfir hjá sýslumönnum um land allt.**

Síðasti íbúafundurinn verður haldinn á Hótel Borgarnes

Þriðjudaginn 19. apríl kl. 20.30.

Íbúar ertu hvattir til að fjölmenna – hvar sem þeir búa.

**KOSIÐ VERÐUR
LAUGARDAGINN
23. APRÍL 2005**



*Allir íbúar Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar,
Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Skorradalshrepps
sem náð hafa 18 ára aldri á kjördag eiga kosningarétt.*

Í eina sæng